



Nordplus Horizontal þvert á skólastig



Vilt þú vinna að þverfaglegum verkefnum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum?

Nordplus Horizontal býður styrki til samstarfs milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem er þvert á hefðbundin skóla- og menntastig.

Verkefni sem ganga þvert á skólastig

Nordplus Horizontal býður styrki til nýsköpunarverkefna og tengslaneta sem ganga þvert á hefðbundin skólastig á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Nordplus Horizontal veitir styrki til fjölbreyttra þema og sviða.

Dæmi um þemu sem hægt er að styrkja eru verkefni sem tengja saman menntun og atvinnulíf, frumkvöðlastarfsemi, samþættingu, lýðræði og virka samfélagsþátttöku þar með talið þátttöku jaðarhópa, upplýsingatækni, eftirmenntun og framhaldsmenntun fyrir kennara á öllum námsstigum, þróun nýrra kennsluaðferða, umhverfismála og sjálfbærni, heilsa, íþróttir, listir og menning.

Meginmarkmiðið er að verkefnin gangi þvert á skólastig og stuðli að framþróun menntunar.

Formlegar kröfur

Styrkir: Föst upphæð í ferða- og uppihaldsstyrk og fyrir verkefnastjórnun. Raunkostnaður fyrir annan kostnað.

Verkefnistími: 1 – 2 ár

Samstarfsaðilar: Minnst þrjár stofnanir frá þremur löndum á Norðurlöndum/í Eystrasaltsríkjum. Tvö skólastig hið minnsta skulu starfa saman.

Umsóknarfrestur: Fyrsta virka dag í febrúar ár hvert.

Nordplus Horizontal þvert á skólastig

Nordplus Horizontal veitir árlega um 1 milljón evra í styrki til nýsköpunarverkefna og tengslaneta sem ganga þvert á hefðbundin skólastig á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Allar stofnanir og samtök sem vinna að menntun og fræðslu geta sótt um styrki. Það þýðir að þátttaka í áætluninni er opin fyrirtækjum, opinberum og einkareknum stofnunum, aðilum úr atvinnulífinu, auk menntastofnana á öllum námsstigum.

Nordplus Horizontal er sveigjanleg áætlun sem þýðir að hægt er að sækja um styrki til ólíkra verkefna sem tengjast menntun allt frá ráðstefnum til stórra þróunarverkefna.


Markhópar

Nordplus Horizontal er fyrir stofnanir og samtök í þáttökulöndunum átta og sjálfstjórnarríkjunum þremur, sem vinna að menntun og fullorðinsfræðslu.

Umsókn um styrk til verkefna og tengslaneta verður að innihalda minnst tvö skólastig. Það geta verið skólastig í sjálfu menntakerfinu til dæmis samstarf milli æðri menntunar og grunnskóla (einnig leikskóla), eða samstarf milli samtaka, stofnana og fyrirtækja þvert á samstarf opinberra stofnana, fyrirtækja og/eða frjálsra samtaka, svo lengi sem sótt er um styrki til menntasamstarfs.

Frekari upplýsingar: www.nordplusonline.org

Lönd sem eiga aðild að Nordplus



- Grænland
- Ísland
- Færeyjar
- Noregur
- Svíþjóð
- Danmörk
- Álandseyjar
- Finnland
- Litháen
- Lettland
- Eistland

Um Nordplus

Nordplus áætlunin er menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin hefur árlega 9,3 milljónir evra til umráða til að styrkja nemenda- og starfsmannaskipti, verkefni og tengslanet á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Nordplus áætlunin skiptist í fimm undiráætlanir sem í sameiningu taka á allri menntun frá leikskóla og grunnskóla til æðri menntunar og fullorðinsfræðslu.

Frekari upplýsingar um Nordplus, þar sem einnig má nálgast umsóknareyðublöð, eru á vefsíðunni nordplusonline.org. Ef þörf er fyrir frekari leiðbeiningar eða upplýsingar er velkomið að hringja í okkur eða senda okkur tölvupóst.

nordplusonline.org/contact

